

Sp.

9. Tillaga til þingsályktunar

[9. mál]

um lánsfé til hitaveituframkvæmda.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum lánsfé til hitaveituframkvæmda.

Greinargerð.

Oft hefur verið bent á gagnsemi þess að hagnýta jarðvarma til húshitunar. Þjóðhagslega séð sparast við það dýrmætur gjaldeyrir vegna kaupa á húsolíu. Og út frá sjónarmiði viðkomandi sveitarfélags er hitaveita í stað oliukyndingar ekki aðeins hreinlætis- og heilbrigðismál, heldur hefur í för með sér verulega lækkaðan hitakostnað. Þegar til lengdar lætur.

Víða um land er áhugi á virkjun jarðvarma til upphitunar húsa.

Í Reykjaneskjördæmi eru nokkur sveitarfélög, sem hafizt hafa handa um undirbúning og rannsóknir vegna fyrirhugaðra hitaveitna. Lögum samkvæmt skal Orkusjóður aðstoða við slíkar byrjunarframkvæmdir með styrkjum og lánnum. Þótt þessi sjóður sé nú mjög vanmegna fjárhagslega, hefur fyrirgreiðsla hans gert ýmsum sveitarfélögum kleift að ráðast í umræddar jarðvarmarannsóknir, sem eru nauðsynlegur undanfari virkjunarframkvæmda. Er knýjandi að efla þennan sjóð, svo að hann geti sinnt betur en hingað til því hlutverki, sem honum er ætlað lögum samkvæmt.

Aftur á móti er nú enginn sjóður eða peningastofnun, sem ber að sinna því verkefni að fjármagna hitaveituframkvæmdir sérstaklega. Hér þarf að gera bót á tafarlaust. Þau sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi, sem hyggja á jarðvarmavirkjanir í náinni framtíð, eiga fyrirsjáanlega miklum erfiðleikum að mæta við útvegum nægilegs lánsfjár til framkvæmdanna. Svo er vafalaust einnig um önnur sveitarfélög, sem svipað stendur á um annars staðar á landinu. Orsakir þessa eru fyrst og fremst þær, að engar peningastofnanir telja sig nú hafa þær skyldur sérstaklega á herðum að fjármagna slíkar framkvæmdir.

Þessari þingsályktunartillögu er ætlað að reyna að hafa áhrif á, að ríkisstjórnin hlutist til um úrbætur í þessum efnun.